

Fundargerð 164. Fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 19. maí 2022, kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson formaður, Snæfríður Einarsdóttir, Pétur Freyr Jónsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Tinna Magnúsdóttir og Helgi Már Sigurgeirsson. Símon Guðvarður Jónsson, varamaður.

Fjarverandi: Agnar Ólason

Gestir: Þorbjörn Guðmundsson, formaður Gráa hersins og Guðni Gunnarsson, starfsmaður VM.

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 163

- Formaður gerir grein fyrir breytingu á fundargerð síðasta fundar varðandi umfjöllun um kostnað við framkvæmdir að Stórhöfða 29.

2. Grái herinn -Þorbjörn Guðmundsson

- Formaður segir frá því að Grái herinn hafi beðið um styrk vegna málaferla sem snúast um tekjutengingu lífeyrisgreiðslna við greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Formaður stjórnar segir frá því að Þorbjörn Guðmundsson muni koma á fundinn og kynna málið.
- Þorbjörn Guðmundsson kynnir Gráa herinn og segir frá málsókn félagsins á hendur ríkinu vegna tekjutenginga lífeyrisgreiðslna við greiðslur frá Tryggingastofnun. Dómkrafan í málinu er viðurkenningarkrafa um að það verði dæmt ólöglegt að tekjutengja greiðslur frá lífeyrissjóðum við bætur úr almannatryggingakerfinu. Kröfugerð Grá hersins byggir á því að tekjutengingarnar séu allt of miklar og því að lífeyrisréttindi séu varin af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Ákvæðið gerir ráð fyrir því að ef skerða á eignarréttindi manna þurfi það að vera nauðsynlegt á grundvelli almannahagsmuna og að gæta þurfi jafnræðis og meðalhófs. Niðurstaða héraðsdóms var sú að lífeyrir falli undir eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar en dómurinn taldi hins vegar að þessar skerðingar gengju ekki gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og jafnræðisreglunni. Málinu var áfrýjað beint til Hæstaréttar. Stefnt að málf lutningi í september og niðurstöðu í málinu vonandi í október eða nóvember 2022. Kostnaður við málsókn er til komin vegna lögmannskostnaðar sem hingað til hefur verið greiddur með styrkjum og gjafsókn frá ríkinu. Flest iðnaðarmannafélögin hafa veitt styrk til að fjármagna málsóknina. Almennar umræður um skerðingar ellilífeyrisgreiðslna og tekjutengingar við almannatryggingakerfið og mögulega niðurstöðu í dómsmálinu. Formaður stjórnar VM fer yfir röksemdir fyrir því að styrkja málsóknina. Niðurstaðan getur leitt til þess að stjórnvöld verði að hanna nýtt kerfi til framtíðar.



- Formaður stjórnar gerir tillögu um að VM styrki málssókn Gráa hersins um kr. 500.000. Umræður um tillöguna og mögulega niðurstöðu dómsmálsins. Tillaga formanns um að styrkja málssókn Gráa hersins um kr. 500.000 samþykkt.

3. Skýrsla formanns og staða kjaramála

- Formaður segir frá því að, framkvæmdastjóri Húss Fagfélaganna, hafi látið af störfum síðastliðin föstudag. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um að ráða framkvæmdastjóra en það verður mynduð framkvæmdastjórn sem mun stýra daglegri starfsemi.
- Formaður segir frá stöðunni innan miðstjórnar ASÍ. Þar hefur verið ágreiningur í mörgum málum. Það er skoðun formanns að iðnaðarmannafélögin eigi að standa saman og fara sjálfir fyrst inn í samningaviðræðurnar í haust. Mikil átök innan ASÍ og á sumum fundum hafa verið harðar orðræður. Það er mat formanns VM að ef þetta heldur lengur svona áfram þá muni ASÍ springa. Umræða um að fyrirtæki hér á landi hafi ráðið flóttafólk frá Úkraínu og neiti að greiða í stéttarfélög vegna þeirra og greiði þeim laun undir kjarasamningum. Verk Vest hefur höfðað mál á hendur fyrirtækinu f.h. þessa flóttafólks.
- Formaður segir frá erlendu samstarfi vélstjóra og að þar sé einnig ágreiningur. Besta samvinnan er hjá Norræna vélstjórasambandinu, NMF. Formaður segir frá því að hann hafi setið fund hjá NMF í Helsinki fyrstu helgina í maí. Upplýsingar um fundinn eru á innri vefnum þar sem fram kemur það helsta sem fram fór en mest var rætt um öryggismál, menntun og framtíðar orkugjafa. Næsti fundur hjá NMF er í haust. VM er líka í samstarfi á vegum IndustriAll. Helsta baráttan þar snýr að lágmarkslaunum þ.e. að það verði ekki tekin upp ein lágmarkslaun í Evrópu. Einnig rætt um Úkraínu stríðið á þeim vettvangi. Mikil ólga vegna þessa sérstaklega hjá Finnum.
- Formaður segir frá því að það hafi verið fulltrúaráðsfundur og aðalfundur hjá Sjómannadagsráði nýverið. Fulltrúi VM var þar kosin til áframhaldandi stjórnarsetu næstu þrjú árin en hann mun svo hætta eftir það kjörtímabil. Það var einnig rætt um það litla fjármagn sem ríkið leggur til reksturs dvalarheimilanna, 8 heimili í 5 sveitarfélögum. Formaður segir frá því að það hafi verið slagur á milli Hrafnistu heimilanna og Skjólsmála vegna lóða. Covid greiðslur hafa bjargað rekstri dvalarheimilanna undanfarið.
- Fulltrúaráðsfundir hafa verið haldnir hjá lífeyrissjóðunum Birtu og Gildi. Mjög miklar breytingar í lífeyrissjóðsmálum framundan. Taka á upp spádómstöflu yfir hvað fólk komi til með að lifa lengi sem gerir það að verkum að 4-5 ár bætast við lífaldur á 50 ára fresti. Þeir sem eru komnir á lífeyrisgreiðslur hjá Gildi fá 10% hækkun. Birta mun halda aðalfund á næstunni. Formaður biðlar til stjórnarmanna að mæta á aðalfund Birtu. Umræða um starfslok við 70 ára aldur.
- Rafmennt hélt aðalfund nýverið. Þeir eru að gefa út App, LV Öryggi, sem þeir fengu hjá Landsvirkjun. Formaður segir frá því að þetta sé Öryggisapp sem Rafmennt hefur verið að þróa. Rafmennt hefur gefið VM svona app. Hugmynd um að aðlaga þetta að félagsmönnum VM og þróa þetta með þeim hætti að sjómenn geti notað það.
- Umræða um vinnu við sjómannadagsblaðið.



- Elsti félagsmaður VM varð 100 ára nýverið. VM gaf honum 100 þúsund kr. inneign á bankakorti. Formaður leggur til að hann fái heiðursmerki aldraðra sjómanna ásamt Sigurður Ólafssyni sem situr í Sjómannadagsráði. Beðið eftir tilnefningum Neistans.
- Staðan í kjaramálum sjómanna er sú að öllu er hafnað af hálfu SFS og staðan mjög erfið. Líklega gerist ekkert nema öllum sérkjarasamningum verði sagt upp.
- VM þarf að tilnefna í ýmsar nefndir t.d. samráðsnefnd um sjávarútvegsstefnu. Formaður VM mun taka sæti í nefndinni og Snæfríður verður varamaður.
- Umræða um kostnaðaráætlun fyrir síðustu þrjá mánuði fyrir Hús Fagfélaganna og hvort hægt sé að kynna hana fyrir stjórn VM.
- Formaður segir frá ágreiningi við ISAL vegna verktakavinnu og að þörf sé á að taka sérstakan fund um lífeyrismál.

4. Orlofsmál

- Farið var yfir stöðu orlofsmála og starfsemi orlofsnefndar. Ákveðið var að fá tilboð í hús á Einarstöðum og í framhaldinu ákvað RSÍ að byggja einnig þar. Hann segir frá tilboði sem barst um nýtt hús á Einarstöðum upp á ca. 52 milljónir (Heitur pottur og pallur ekki inn í). Hugmyndin er að vera í samstarfi við RSÍ í framkvæmdum. Samþykkt að orlofsnefnd fái að halda áfram með þetta verkefni.
- Kynntur var kostnaður við að kaupa og setja upp Aparólu í sumarbústaðalandi VM á Laugarvatni sem kostar ca. 2 milljónir auk kostnaðar við uppsetningu. Samþykkt.
- Kynntar voru fyrirhugaðar endurbætur á sundlaugarsvæðinu á Laugarvatni og segir að kostnaður við það verði rúmlega 11 milljónir. Áætlað að fara fyrst í að kaupa búnað fyrir nýjan gufuklefa ca. 1.6 milljónir. Einhver kostnaður mun bætast við framkvæmdirnar og verður heildarkostnaður líklega í kringum 20 milljónir. Lagt til að orlofsnefnd fái heimild til að halda áfram með þessar framkvæmdir. Samþykkt

5. Lagt fram til upplýsingar

- Skýrsla frá fundi með Vélstjórasambandinu á Norðurlöndum.
- Kjarakönnun VM: formaður fer yfir helstu niðurstöður könnunarinnar.

6. Önnur mál

- Formaður kynnir námskeið fyrir stjórnarmenn á vegum ASÍ. Ákveðið að halda það í haust fyrir stjórnarmenn VM. Umræða um heppilega tímasetningu og hvort halda eigi námskeiðið í beinu framhaldi af stjórnarfundi eða ekki. Ákveðið að halda námskeiðið á öðrum degi en stjórnarfundur verður. Formaður kynnir tilboð um námskeið um samstarf og samvinnu í stjórnun og spyr hvort áhugi sé fyrir því. Ákveðið að hafna tilboðinu.
- Formaður segir frá gagnadrifnu mælaborði sem gefur út lykiltölur fyrir verð á fiskafurðum. Leggur fram tilboð á kerfi upp á kr. 5,7 milljónir á ári, 480 þúsund á mánuði án vsk sem hægt er að festa til tveggja ára. Félag skipstjórnarmanna myndi taka þátt í þessu með okkur. Formaður mun boða stjórnarmenn á fund þar sem þetta verður kynnt nánar áður en ákvörðun verður tekin.



- Formaður segir frá því að samanburður á tölulegum upplýsingum á stöðu sjúkrasjóðs og félagssjóðs síðustu þrjú mánuði verði settar inn á innri vefinn til kynningar.
- Stjórnarmaður biður um að fá yfirlit yfir þær nefndir sem VM situr í hjá ASÍ. Formaður segist ætla að útvega það.
- Fyrirspurn um hvort og hvenær eigi að halda Kjararáðstefnu. Formaður segir að stefnt sé að því að halda hana í haust en enn þá eigi eftir að finna hótél sem getur tekið að sér að halda hana.
- Umræða um erindi sem hafa borist stjórn VM.
- Formaður kynnir fundardagatal fram að áramótum. Gert er ráð fyrir að halda stjórnarfundi 18. ágúst, 15. september, 20. október, 17. nóvember og 8. desember nk.

Fleira ekki formlega rætt.

Fundi slitið kl. 15:20

Ákveðið að halda næsta stjórnarfund fimmtudaginn 2. júní 2022, kl. 14.00.